

Sæll Gunnar

Mig langaði að leita til þín eftir smá aðstoð.

Ég heiti Sigga Ósk, er 21 árs söngkona og er að gefa út fyrstu plötuna mína 15. April

Ég er nemandi á öðru ári í Kennarháskólanum og er búin að vera vinna að plötunni í nokkra mánuði og hér geturðu heyrt útkomuna

<https://soundcloud.com/siggaosk/sets/ny-ast-2/s-z5aLajxEXz5>

Þar sem ekki er um mikla viðburði að ræða á tímum covid og litla vinnu að fá fyrir listamen hef ég ákveðið að halda tónleika og streyma þeim til áhorfenda. Þeir verða svo aðgengilegir á YouTube eftir það.

Er búin að fá til liðs við mig tónlistarfólk, dansara, hljóð og ljósamenn ásamt öðrum listamönnum og eru upptökur á næsta leiti.

Ástæða þess að ég leita til þín er að athuga hvort þið gætuð eitthvað aðstoðað við að fjármagna kostnað við tónleikana?

Kostnaðurinn við tónleika upptökuna, húsnæðið og smávægileg laun til listamannanna, sem eru að vinna með mér er samtals 800.000 og er búin að ná að safna upp í 130.000. Nokkur fyrirtæki hafa nú þegar lagt mér lið ☺ Er einhver möguleiki á að þið hefðuð einhverjar leiðir til að styðja þetta verkefni, allt er vel þegið bæði stórt og smátt ☺

Ég sjálf tek auðvitað ekki laun og hef notað sparifé mitt til að fjármagna plötu upptökuna og allan kostnað hingað til.

Hlakka til að heyra frá ykkur

Ekki hika við að hringja í mig ef þú vilt frekari upplýsingar

Kær kveðja

Sigga Ósk

S. 7729500